

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2023

Trans Ísland

Rökstuðningur valnefndar:

Trans Ísland hefur frá árinu 2007 barist fyrir réttindum trans fólks. Félagið hefur með starfi sínu valdið grundvallarbreytingu á skilningi fólks á kynjajafnrétti. Í gegnum árin hefur félagið staðið fyrir umfangsmikilli fræðslu til almennings um málefni trans fólks og unnið faglega með stjórnvöldum til að tryggja kynrænt sjálfræði og treysta réttindi allra kynja. Trans Ísland vinnur náið með almannaheillasamtökum hér á landi og erlendis gegn vaxandi hatri í garð trans fólks sem og alls hinsegin fólks. Trans Ísland hlýtur Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2023.